

**Telefon hf. - innri endurskoðun**

Unnið af: Tómasi Teitssyni

Hvenær: 1. júlí 2014. Skráningu lokið 3. júlí 2014.

**Endurskoðun birgða**

Staðhæfingar:	Heild (C)	Tilvist (E)	Nákvæmni (A)	Mat (A)	Lotun (Co)
Mat á áhættu (RMM)	Miðlungs	Miðlungs	Veruleg (e. significant)	Veruleg (e. significant)	Lítill
Hvaða þörf er á staðfestingu (e. assurance required)	2	2	3	3	1
Endurskoðunarnálgun:					
- Aðgerðaendurskoðun	2	2	2	2	1
- Gagnagreiningaraðgerðir	0,5			0,5	
- Aðrar gagnaaðgerðir			1		
1 = lítillar staðfestingar þörf (e. low assurance)					
2 = meðal staðfestingarvinna (e. normal/medium assurance)					
3 = mikil staðfestingarvinna (e. significant assurance)					

Birgðatalning fór fram í söludeild Telefon hf. og var innri endurskoðandi viðstaddur talninguna. Talningin fór fram 1. júlí 2014. Innri endurskoðandi var búinn að láta yfirmann söludeildar vita að hann ætlaði að vera viðstaddur talninguna en ábyrgð þeirra myndi ekkert breytast við það. Innri endurskoðandi tók ekki beinan þátt í talningunni heldur var hlutverk hans að staðfesta áreiðanleika þeirrar aðferða sem stjórnendur beittu við birgðatalninguna og framkvæma úrtaksprófanir á talningunni.

Birgðabókhaldið er rafrænt og tengt fjárhagskerfi félagsins. Talningar eru framkvæmdar einu sinni til tvisvar á ári til að prófa áreiðanleika birgðabókhaldsins og þess á milli eru stundum gerðar talningar á einstökum vöruflokkum. Undanfarin ár hafa frávik verið óveruleg og því er það mat stjórnenda að birgðabókhaldið sé mjög nákvæmt frá degi til dags.

**Aðgerðaendurskoðun:**

- Fékk afhent gögn um skipulagningu og lýsingu á framkvæmd talningarinnar fyrir talninguna. Innri endurskoðandi fór yfir verklýsinguna með ábyrgðarmanni talningarinnar fyrir talningu og kom með ábendingar. Inn í lýsinguna vantaði að tilgreina hvernig ætti að aðgreina vörur sem væru í eigu þriðja aðila (umboðssölu) og var verklýsingin löguð í framhaldinu.
- Fór yfir og skoðaði verklagið sem notað er til að greina ósöluhæfar vörur. Engar athugasemdir.

**Gagnaendurskoðun:**

- Framkvæmd úrtakskönnun á áreiðanleika talningarinnar. Valdi 30 vörur af handahófi frá lager og rakti í talningarblaðið (floor to sheet/tag). Valdi einnig 30 vörur sem höfðu verið taldar og komu fram á talningarblaði og athugaði hvort þær væru í hillunum eða fram í búð (sheet/tag to floor). Þá athugaði innri endurskoðunin einnig hvort að kostnaðarverð þessara vara væri rétt. Einungis komu upp 4 frávik og voru þau talin óveruleg.

**Niðurstaða:**

Ekki talin ástæða til að aðhafast frekar og innri endurskoðun getur því lagt blessun sína yfir þessa talningu og framkvæmd hennar. Staðhæfing stjórnenda um að birgðabókhaldið sé nákvæmt stendur því að mati innri endurskoðunar. Þar sem um er að ræða rafrænt birgðabókhald er ekki talin þörf á að gera birgðatalningu um áramót enda hafa frávik verið óveruleg í birgðatalningum fyrri ára og því þótti rétt að færa álagið af birgðatalningum frá áramótunum. Ef ekki verða starfsmannabreytingar, breytingar á kerfum eða breytingar á innra eftirliti félagsins telur innri endurskoðun að hægt sé að byggja á þessari talningu í tengslum við áramótauppgjör, enda staðfesti þessi talning áreiðanleika upplýsingakerfisins og að innra eftirlit með birgðabókhaldi er virkt og áreiðanlegt.